um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til íbúðabygginga og um viðauka við l. nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Flm.: Jóhann Hafstein, Jónas Rafnar, Magnús Jónsson, Ingólfur Jónsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 30 milljónir króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfénu skal verja til þess að kaupa bankavaxtabréf af veðdeild Landsbanka Íslands. Vaxtabréf þau, er ríkisstjórnin kaupir samkvæmt þessu, skulu vera flokkur út af fyrir sig, og skal haga vöxtum bréfanna, verði þeirra og tímalengd útlána úr flokknum eftir lánskjörum þeim, er ríkissjóður fær, svo að hann verði skaðlaus af.

3. gr.

Andvirði bankavaxtabréfanna, sem ríkisstjórnin kaupir samkvæmt 2. gr., skal veðdeildin lána til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum.

4. gr.

Heimilt er að lána gegn 1. veðrétti allt að 200.00 kr. á hvern rúmmetra byggingar.

Einnig má veita lán gegn 2. eða 3. veðrétti til að ljúka byggingu eða greiða eftirstöðvar byggingarkostnaðar, hafi 1. veðréttar lán úr veðdeildinni ekki verið veitt. Gegn 2. veðrétti má þá lána allt að 100.00 kr. á hvern rúmmetra, en gegn 3. veðrétti allt að 50.00 kr. á hvern rúmmetra.

5. gr.

Að öðru leyti en því, sem tekið er fram sérstaklega í lögum þessum, gilda ákvæði l. nr. 55 1945 um lánveitingarnar samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lánsfjárskorturinn hefur verið einn af tilfinnanlegustu örðugleikunum við að ráða bót á húsnæðisskortinum í kaupstöðum og kauptúnum hin síðari árin, og er með frumvarpi þessu að því stefnt að fá nokkuð úr þessu bætt.

Veðdeild Landsbanka Íslands sem stofnuð var með lögum nr. 1 árið 1900, var ætlað það hlutverk að vera almenn fasteignalánsstofnun landsmanna, og lengst af hefur hún sinnt þessu hlutverki. Þó hefur mjög svo dregið úr starfsemi hennar á köflum, og þannig má segja, að hin síðari ár hafi hún að verulegu leyti gefizt upp við að sinna sínu mikilvæga hlutverki. Veðdeildin hefur verið févana, aðeins lánað 50—60 kr. á rúmmetra í íbúðarhúsum gegn 1. veðrétti og lánin ekki veitt í reiðufé, heldur veðdeildarbréfum, sem fæstir hafa átt nokkurn kost að selja, nema með miklum afföllum.

Þegar líkt stóð á fyrir veðdeildinni, á árunum 1926 og 1927, beitti þáverandi fjármálaráðherra, Jón Þorláksson, sér fyrir því, að Alþingi veitti ríkisstjórninni heimild til lántöku, allt að 4¾ millj. kr. Erlent lán var tekið og veðdeildinni sköpuð ný starfsskilyrði til hins mesta hagræðis fyrir byggingarstarfsemi landsmanna.

Lagt er til með þessu frv., að nú sé líkt að farið, ríkisstjórninni veitt heimild til allt að 30 millj. kr. lántöku. Lánsfénu sé varið til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar og andvirði þeirra lánað til húsabygginga.

Gert er ráð fyrir, samkvæmt 2. gr. þessa frv., að vaxtabréf þau, sem ríkisstjórnin mundi kaupa samkvæmt þessu frv., ef að lögum yrði, væru í sérstökum flokki og með þeim kjörum, að ríkissjóður væri skaðlaus af.

Samkvæmt 4. gr. er gert ráð fyrir, að fé það, sem veðdeildin fengi til útlána, sbr. 3. gr., yrði lánað með sérstökum kjörum að því leyti, að lánsfjárhæðin til hverrar byggingar væri í eðlilegu samræmi við byggingarkostnað, eins og hann nú gerist. Er þar höfð hliðsjón af því, hvað eðlilegt þótti í upphafi að lána mikinn hluta af raunverulegu kostnaðarverði. Einnig er það nýmæli um veðdeildarlán, að heimilt sé að lána út á 2. eða 3. veðrétt. Er þar miðað við augljósar þarfir margra í dag til smærri lána við að ljúka byggingum, en 1. veðréttur þá oft bundinn í óverulegum lánum, sem tekizt hefur að afla á hinum þrönga lánamarkaði.

Hér skal ekki fjölyrt um þá möguleika ríkisstjórnarinnar til þess að hagnýta þá heimild, sem hér er gert ráð fyrir að veita. Fer það m. a. eftir vilja og atorku. Hvort tveggja kemur til álita, að fá erlent lán eða innlent. Hæstv. fjármálaráðherra gerði í fjárlagaræðu sinni grein fyrir undirbúningi að stofnun fjárfestingarbanka í sambandi við ráðstöfun mótvirðissjóðs og aukna sparifjársöfnun. Við meðferð málsins hér í þinginu kæmi til athugunar, hvers vænta mætti úr þeirri átt.

Að öðru leyti þarfnast frv. þetta ekki frekari skýringa hér, en málinu verða gerð nánari skil í framsögu.